

SAMEYKI stéttarfélag í almannaðjónustu

Fundargerð aðalfundar Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu

haldinn fimmtudaginn 17. september 2020 kl.16:30.

að Gullhömrum

Dagskrá:

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár.
3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða.
4. Kosinn löggildur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
5. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.
6. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.
7. Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
8. Önnur mál.

Árni Stefán setti fundinn og stakk upp á fundarstjórum og riturum fundarins

Fundarstjórar: Ari Thorarensen og Guðríður Sigurbjörnsdóttir. Fjarfundarstjóri: Jóhanna Sigurdórsdóttir.

Ritarar: Ingibjörg Sif Fjeldsted og Rut Ragnarsdóttir

Guðríður fundarstjóri kynnti Þórð Höskuldsson umsjónarmann atkvæðagreiðslu sem fór yfir fyrirkomulagið í rafrænum kosningum á fundinum.

Atkvæðagreiðsla fór fram á netinu þannig að fundargestir voru beðnir að hafa snjalltæki tilbúin.

Þau sem ekki voru með tölvu eða snjalltæki gátu farið fram á kjörsvæði til þess að greiða atkvæði.

Fundarstjóri vildi vekja athygli á því að nú í fyrsta skipti væri aðalfundur haldinn bæði í sal og á streymi. Það var vissulega jákvætt, sérstaklega fyrir þá fjölmörgu félagsmenn sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Guðríður sagði að sýna þyrfti

þolinmæði til þess að allir upplifi sig sem þátttakendur á fundinum. Því þurfi þátttakendur í sal að koma upp í pontu ef þeir vilja tala og þátttakendur í streymi láti fjarfundarstjóra vita ef þeir vilja tala og þá koma þeir í mynd á skjá í sal. Þátttakendur á fjarfundinum voru beðnir að vera með lokað fyrir hljóðnema nema þeir hafi fengið orðið.

Á dagskránni eru verkefni aðalfundar skv. lögum, en á því ári sem ekki fer fram stjórnarkjör, (eins og núna) falla af dagskrá fundarins töluliðir 4, 6 og 8. Hafa þeir nú þegar verið felldir út af dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.

Árni Stefán Jónsson formaður Sameykis

Skýrsla formanns stjórnar á aðalfundi 17. sept. 2020

Skýrsla stjórnar liggur frammi í prentuðum eintökum og hefur einnig verið send þeim sem sækja fundinn gegnum netið. Að venju miðast tölulegar upplýsingar við almanaksárið en efnislegir þættir eru oftast miðaðir við starfsár stjórnar. Skýrslan var prentuð í mars þegar upphaflegur aðalfundur átti að vera en eins og allir vita þurftum við að fresta honum vegna Covid faraldursins. Ég mun stikla á stóru og fjalla að einhverjum hluta einnig um það sem hefur gerst síðan skýrslan var prentuð. Ég er afar ánægður að geta verið hér í dag með ykkur og það er gott að sjá hversu margir eru að nýta sér að vera með okkur í gegnum streymi.

Það er óhætt að segja að þetta ár hafi sannarlega einkennst af nægum verkefnum. Í upphafi ársins 2019 var félagið formlega stofnað og þetta ár höfum við tekist á við fjölmörg krefjandi verkefni sem snéru að sameiningunni. Sameining ýmissa kerfa, s.s. orlofskerfis en ákveðið var að nota orlofskerfið Frímenn. Þá var félagatalið sameinað í eitt í DK með tilheyrandi flækjustigum og fleiri slík tæknileg verkefni. Þau hafa það sameiginlegt að vera tímafreakari en virðist við fyrstu sýn en okkur hefur tekist bærilega til að mínu mati.

Það var mikil aðsókn í sjóði félagsins, bæði starfsmenntunarsjóðina og eins styrktarsjóðinn, en hefur svo dregið úr því eftir að covid skall á. Við erum enn með tvo sjúkra- og styrktarsjóði, fyrrverandi félagar St.Rv. greiða í BSRB sjúkrasjóðinn en hinir í Styrktarsjóð Sameykis. Um framtíðarfyrirkomulagið verður tekin ákvörðun síðar, en það liggur þó fyrir að ætlunin er að sameina alla félagsmenn Sameyki í einum sjóði. Stjórn félagsins hefur skipað sérstakan starfshóp til að skoða þá möguleika sem eru í stöðunni. Síðan verður umræðan tekin með félagsmönnum.

Hjá Sameyki starfa nú 14 starfsmenn á Grettisgötunni auk okkar formannanna, og einn starfsmaður í 20% stöðugildi sem er staðsettur á Akranesi. Við urðum öll fyrir miklu áfalli síðastliðinn vetur þegar Halldór Snorri Gunnarsson góður félagi okkar og samstarfsmaður til margra ára féll frá. Hann hafði nýlega látið af störfum en hans er sárt saknað. Bæði við samstarfsfólkið og þeir félagsmenn sem honum kynntust munu minnst hans með miklum

hlýhug. Enda var hann fagmaður og góður félagi sem gott var að leita til með ýmislegt varðandi kjaramál félagsmanna.

Katrín Arnórsdóttir sérfræðingur á kjarasviði bættist í hópinn í lok síðasta árs í miðjum ólgusjó kjarasamninga.

Það er óhætt að segja að á árinu stóðum við í ströngu í kjarasamningsviðræðum á þeim tíma sem liðinn er frá síðasta aðalfundi.

Allir samningar voru lausir í lok mars 2019, sumir reyndar fyrr. Þetta voru samtals tuttugu samningar. Byrjað var að funda við stærstu viðsemjendur strax í mars og stóðu þeir fundir langt fram á sumar án sýnilegs árangurs. ið vorum samt sem áður vongóð og sömdum um innágreiðslu sem kæmi til félagsmanna í september og ákveðið var að gera stutt hlé á viðræðum vegna sumarleyfa. Það verður að segjast að þetta voru ekki einfaldar viðræður því við vorum einnig í samfloti við BSRB um styttingu vinnuvikunnar, jöfnun launa milli markaða og tryggja að launapróunartryggingin héldi. Allar þessar viðræður voru á sameiginlegu borði BSRB félaganna á meðan þjarkað var um laun og önnur sérmál kjarasamninga á borðum félaganna. Þetta hafði auðvitað áhrif á gang viðræðnanna. Ég hef sagt það áður að verkefni voru stór og flókin og það skipti einnig máli að ríkið hafði á að skipa tiltölulega nýrri samninganefnd sem var að stýra sínum fyrstu stóru samningum. Þau lögðu mikla áherslu á að gera hlutina á nýjan hátt og öðruvísi og voru stundum meira upptekin af því en að klára verkefnið. Við héldum lengi í vonina að klára þessa samninga án aðgerða, sáttasemjari tók við verkefninu í október en það kom að því að okkur var nóg boðið. Í lok janúar var blásið til baráttufundar allra BSRB félaganna í Háskólabíói og eftir mikla fundaröð með félagsmönnum og trúnaðarmönnum þar sem kom fram skýr vilji til aðgerða var loks ákveðið að blása til verkfallsaðgerða sem hófust á miðnætti 8. mars. Aðgerðirnar stóðu ekki nema nokkra klukkustundir því á þessum síðustu vikum kjarasamningsviðræðnanna hafði Covid fárið skolið á, það byrjaði hægt og við urðum t.d. að fækka fólki á fundum með sáttasemjara. Mér er minnisstæð helgin 7. til 8. mars þegar við sátum yfir viðræðum við alla stærstu viðsemjendur okkar, ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga, þá var búið að lýsa yfir neyðarástandi í landinu og landlæknir og æðstu stjórnendur sáu ástæðu til þess að funda sérstaklega með fulltrúum samningsaðila og undanþágunefnda. Þá sáum við að óvissan framundan var mikil og máttum það svo að við yrðum að leggja allt kapp á að ná samningum. Við hefðum náð eins langt og hægt var miðað við þessar aðstæður. En skrifað var undir samninga við þessa stóru aðila aðfaranótt mánudagsins 9. mars.

Ég ætla ekki að telja hér upp þá tugi eða hundruði funda sem við höfum setið á árinu heldur frekar fagna þeim árangri sem við náðum. Okkur tókst að halda vel í við launapróun og stytting vinnuvikunnar breytir félagslegum réttindum félagsmanna okkar til framtíðar. Ég fullyrði að þessi stytting eigi eftir að hafa gífurlega jákvæð samfélagsleg áhrif á okkur öll og ég er stoltur af því að í þeirri baráttu vorum við hjá Sameyki fremst meðal jafningja. Því miður tókst okkur ekki að koma öllum okkar kröfum fram í þessum kjarasamningum. Það er okkur öllum minnisstætt hversu nálægt við vorum stórum verkföllum og hvernig endinn á kjarasamningsviðræðunum bar að.

Síðan þá höfum við náð að loka hverjum samningnum á eftir öðrum. Það hefur stundum verið flókið sérstaklega meðan Covid faraldurinn stóð sem hæst og allir unnu heiman frá sér. Við þurftum stundum að nýta okkur tæknina og fjarfundarbúnað en þetta tókst allt að

lokum. Í dag eigum við þó enn eftir að ná samningum við Samband fyrirtækja í velferðarþjónustu en vonum að það takist í næstu viku.

Við sameiningu félaganna fjölgaði trúnaðarmönnum okkar talsvert, enda var markvisst unnið að því að bæta við trúnaðarmönnum á þeim vinnustöðum sem enga höfðu. Í dag eru trúnaðarmennirnir okkar rúmlega 300 og mynda saman sterka framvarðarsveit ásamt stjórn félagsins. Við höfum á árinu unnið að því að efla þá með fræðslu og reglulegum fundum, bæði með stóra trúnaðarmannahópnum og einnig fulltrúaráðinu sem í sitja 100 manns. Á þessum fundum höfum við undanfarið nýtt okkur tæknina og ég held að ég geti fullyrt að bæði við á skrifstofu félagsins og trúnaðarmennirnir okkar um land allt erum talsvert flinkari í tæknimálum nú en áður.

Okkur barst liðsauki frá RÚV vorið 2019 en þá samþykktu félagsmenn í starfsmannafélagi RÚV að leggja niður félagið sitt og ganga í Sameyki. Um er að ræða rúmlega 40 félagsmenn og gengum við frá kjarasamningi fyrir þá í síðustu viku.

Ný vefsíða Sameykis leit dagsins ljós í september í fyrra og hefur hún reynst mjög vel. Gegnum hana geta allir félagsmenn haft aðgang að svokölluðum „Mínum síðum“ en í gegnum þær fara allar umsóknir auk þess sem félagsmenn geta fylgst með eigin umsóknum og fleira. Þá hafa verið gefin út fjögur blöð Sameykis á ári auk sérblaðanna um Orlofsmál og Stofnun ársins. Nú er unnið að útgáfu kjarasamninganna og kynningarbæklings fyrir félagið.

Af orlofsmálum er það að segja að við höfum allt frá sameiningu staðið í ströngu við að endurnýja og endurbyggja þau orlofshús sem þurfti að sinna. Í Munaðarnesi hafa alls sjö hús verið flutt á brott og seld og búið er að byggja 3 ný í Stekkjarhólnum sem koma í útleigu á næstunni. Þá er einnig verið að hefja byggingu á þremur húsum í Eyrarhlíðinni en þaðan voru hús flutt í vikunni.

Þá mun einnig verða byggt nýtt hús í Akrakoti en húsið sem þar var hefur einnig verið selt til brottflutnings. Ýmislegt annað viðhald og endurbætur hafa verið á döfinni hjá orlofsstjórninni, meðal annars lauk endurbótum og stækkun á baðherbergi og fleira í Úthlíð í lok síðasta sumar.

Nýting húsanna hefur verið afar góð eins og sést á þessu yfirliti eða ca. 96%

Að lokum má geta þess að við höfum selt eina af íbúðunum okkar á Akureyri, það var íbúðin við Hrísalund, en við eigum nú fimm eignir á Akureyri og nágrenni. Alls eru eignir félagsins 70 talsins, þar af þrjár á Spáni.

Stofnun ársins var haldin með pompi og prakt í maí 2019 og tókst afar vel. Viðburðinum vegna Stofnun ársins var frestað í ár vegna Covid en við munum veita Fyrirmyndarstofnununum verðlaun þann 14. október við hátíðlega athöfn. Þá verður einnig haldið málþing um framtíðarvinnumarkaðinn og þó sá viðburður verði ekki eins fjölmennur og áður þá stefnum við á að hafa hluta hans í streymi.

Af félagsstarfi er það frétt að það stóð í fullum blóma fram að Covid faraldri, haldið var meðal annars fjölmennt jólaball, páskabingó og aðventukvöld. Við vonumst til þess að geta haldið úti einhverri félagsstarfsemi af því tagi í vetur en það verður auðvitað að koma í ljós. Það er gaman að geta þess að Gott að vita námskeiðin okkar sem standa félagsmönnum til boða þeim að kostnaðarlausu eru sum hver útbúin í fjarfundi og nýtast þannig fleirum.

Til tíðinda bar á vettvangi fagfélaganna en vagnstjórar hjá Strætó stofnuðu félag og hafa nú formlegan vettvang til þess að efla réttindi vagnstjóra og standa vörð um hagsmuni sína. Þá breytti Félag læknaritara um nafn og heitir nú Félag heilbrigðisgagnafræðinga. Innan Sameykis starfa nú alls sjö fagfélög og sum þeirra bara ansi virk.

Háskóladeild var stofnuð í apríl 2019 og var Baldur Vignir Karlsson kjörinn þar formaður. Deildin hefur verið virk í starfi síðan og við væntum mikils af henni.

Þá var stofnuð Lífeyrisdeild og sinnir þar formennsku Ingibjörg Óskarsdóttir. Deildin var afar virk fram að Covid. Farin var dagsferð í Hvalfjörð og Borgarfjörð. Þá var slegið upp bæði Sviðaveislu og þorablóti og var aðsóknin afar góð. Vegna Covid var hins vegar hætt við ferð sumarsins í ár.

Tekin var sú stefna að gerast umhverfisvænni og hætta að nota eigin bíla til að skutlast á fundi eða redda málum út í bæ. Þess í stað var hætt að greiða akstursgreiðslur og í staðinn leigðum við rafmagnsbíl, rafmagnshjól og lítið rafmagnshlaupahjól. Þetta hefur verið nýtt ágætlega og almenn ánægja með breytinguna.

Kæru félagar Ég ætla ekki að hafa þetta lengra að þessu sinni en ársskýrsla stjórnar liggur fyrir hér á fundinum og ég hvet ykkur til þess að kynna ykkur efni hennar. Ég þakka starfsfólki Sameykis kærlega fyrir þeirra vinnu. Góður starfsandi og samvinna er mikilvæg á svona breytingartímum. Verkefnin hafa mörg hver verið snúin og álagið mikið við fordæmalausar aðstæður en starfsmannahópurinn okkar hefur sýnt það að hann þolir flest.

2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár.

Þórarinn Eyfjörð kynnti ársreikninga félagsins sem eru nú í fyrsta skipti í einu lagi eftir sameiningu félaganna. Einnig er samanburður milli ára 2018 og 2019. Ákveðið var að allir sjóðirnir 9 væru reknir hver fyrir sig til að tryggja gegnsæi. Þeir eru misstórir en allir endurskoðaðir sérstaklega.

Þórarinn þakkaði Birgittu Vigfúsdóttur, sem er félagslega kosinn skoðunarmaður reikninga fyrir sín störf á árinu. Annar skoðunarmaður reikninga, Einar Andrésen, féll frá á árinu.

Reikningar félagsins voru því næst til umræðu.

Pétur spurði um umbun til trúnaðarmanna, er það jólagjöfin sem við fáum? Já, umbunin er í formi gjafakorts/jólagjafar. Árni Stefán útskýrði að reynt hafði verið lengi að ná peningum í gegnum kjarasamningana í mannauðssjóð trúnaðarmanna, það tókst fyrir nokkrum árum og er nú 0,1% af heildarlaunum.

Ingibjörg spurði um Vinnudeilusjóð, um fasteignir hans (orlofhús) og hvort Vinnudeilusjóður fái leigutekjur. Þórarinn svaraði að öll félög vilja ávaxta eignir sjóðanna, ekki til nein ein örugg leið. Því var valin sú leið að Vinnudeilusjóður fjárfesti í steinsteypu, félagsmenn njóta þess í gegnum orlofssjóð. Orlofssjóður ber allan kostnað af rekstri húsanna og fær því tekjurnar.

Svanhildur spurði um útistandandi leigutekjur í orlofssjóð og Sérstakan styrktarsjóð, hvað er það nákvæmlega. Þórarinn svaraði að um áramót eru óinnheimtar leigutekjur, t.d. kreditkortagreiðslur sem eru gerðar upp í næsta mánuði. Garðar Hilmarsson útskýrði með Sérstakan styrktarsjóð sem var áður í eigu St.Rv. Sjóðurinn er mjög gamall og formlegur og er ætlaður félagsmönnum sem eiga ekki í aðra sjóði að venda. Einn styrkur var veittur úr honum á árinu og engar tekjur berast í hann. Leita þarf til ríkisstjórnar um leyfi til breytinga á sjóðnum, því var ákveðið að hafa hann óbreyttan.

Atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

70 kusu og voru skýrsla stjórnar og reikningar félagsins samþykkt með 95,71% atkvæða, 4,29% tóku ekki afstöðu.

3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða.

Árni Stefán Jónsson kynnti

a) Reglur Fræðslusjóðs Sameykis *-

Samið var um einn Fræðslusjóð í síðustu kjarasamningum, nokkurs konar regnhlífarfræðslusjóður. Búinn var til starfsmenntunarsjóður Sameykis, allir hafa þar sömu réttindi. Fyrst það hefur verið stofnaður nýr sjóður þá verða smávægilegar breytingar í lögum Sameykis þar sem fjallað er um sjóði félagsins. Tillaga er einnig til stjórnar sjóðsins að félagar í Sameyki sem starfa hjá Faxaflóahöfnum, Strætó, Innheimtustofnunar sveitarfélaganna, OR, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Akranes, Seltjarnarnes og fyrirtækja greiði framvegis í þennan sjóð. Inn í sjóðinn greiðast 0,92%. 0,32% rennur beint í sameiginlegan starfsmenntunarsjóð Sameykis.

b) Breyting á 11. gr, 13. gr. laga og 20. gr. laga. ** Eina breytingin í 11. gr. er upptalning á stjórnnum sjóðanna og Fræðslusjóður bætist þar við. Í 13. og 20. gr. bætist við „fræðslusjóð/s“.

c) Breyting á reglum Starfsmenntasjóðs Sameykis *** Breyting á grein um aðild að sjóðnum, félagar eru allir félagar í Sameyki sem greitt hafa iðgjald.

Atkvæðagreiðsla - Kosið var um alla liðina í einu.

Reglur fræðslusjóð voru samþykktar með 98,65% en 1,35% á móti

Breyting á reglum Starfsmenntasjóðs, 100 % samþykktu

Lagabreytingar, 97,22% samþykktu, 2,78% tóku ekki afstöðu.

4. Kosinn löggildur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.

Guðríður fundarstjóri kynnti tillögu um að endurskoðunarskrifstofa Ernst og Young verði löggildur endurskoðandi. Einnig kynnti hún tillögu um skoðunarmenn reikninga, 2 aðal og 2 til vara

- Birgitta Vigfúsdóttir – aðalmaður
- Egill Heiðar Gíslason – aðalmaður

- Inga Lára Pétursdóttir - til vara
- Ásdís Hrund Þórarinsdóttir - til vara

Ein atkvæðagreiðsla var um löggildan endurskoðanda og skoðunarmenn reikninga.

Tillagan var samþykkt með 97,22%, 1,39% voru á móti, 1,39% tóku ekki afstöðu.

5. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.

Þórarinn Eyfjörð kynnti tillögu stjórnar að árgjald verði óbreytt eða 1% af heildarlaunum félagsmanna. Engin tillaga barst um breytingu á árgjaldinu. Nú þurfti því aðeins að kjósa um skiptinguna, tillagan var að hafa skiptinguna óbreytta, 0,87% í félagssjóð og 0,13% í Vinnudeilusjóð.

Atkvæðagreiðsla um iðgjald - 72 kusu, 97,22% samþykktu tillöguna og 2,78% voru á móti.

6. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.

Þórarinn Eyfjörð, sagði að tveir sjóðir eru í reglulegum rekstri, félagssjóður og orlofssjóður. Aðrir sjóðir eru reknir eftir ákveðnum úthlutunarreglum.

Fjárhagsáætlun nær því til þessara tveggja sjóða.

Engar athugasemdir voru gerðar við fjárhagsáætlunina.

Atkvæðagreiðsla um fjárhagsáætlun, 66 kusu, 92,42 % samþykktu og 6,06% á móti, 1,74% tóku ekki afstöðu.

7. Ályktanir aðalfundar afgreiddar (Drög að ályktunum ****)

Garðar Hilmarsson kynnti 8 ályktanir sem voru bornar upp til samþykktar í 8 atkvæðagreiðslum.

Umræður voru um ályktanirnar.

Gunnar Rúnar sagði að ályktanirnar væru margar en góðar, en vill að vitnað sé í heimildir í ályktun um jafnrétti þegar sagt er: „Tölurnar sýna okkur að ...“

Ingibjörg var ekki hrifinn af svona mörgum ályktunum, það dregur úr kraftinum. Hún sagði um ályktun um kjara- og efnahagsmál, að þar vantar inn í að verkalýðshreyfingin standi með launþegum vegna verðtryggingarinnar sem er að éta eigur okkar. Ályktun um hag öryrkja, hún var sammála að bæta þarf hag þeirra og eldri borgara. En lág laun í landinu eru til háborinnar skammar, starfsfólk fær jafnvel aðeins 3.000 kr. meira útborgað heldur en örorkubæturnar eru. Hún vill að verkalýðshreyfingin vinni að því að útrýma fátækt.

Árni Stefán tók það á sig að það vantar að vitna í heimildir í ályktun eins og rætt var á stjórnarfundum. Hann mun láta bæta því inn í ályktunina. Tölur koma frá Vinnumálastofnun og tæpt prósent sem munar á milli karla og kvenna. Gunnar Rúnar samþykkti að ályktunin yrði löguð þannig.

Svanhildur sagði ályktanirnar eru svolítið almenn eðlis, saknar þess að það sé einhver sem fjallar um „akút“ mál í þjóðfélaginu. T.d. um 20% stuðning frá ríkinu fyrir fólk að kaupa sína fyrstu íbúð. Það kom í ljós að þetta nær bara til nýbygginga sem eru umtalsvert dýrari en eldra húsnæði. Úrræðið er hugsað fyrir verktaka en ekki þá tekjulægstu.

Atkvæðagreiðsla fór fram um allar ályktanirnar sem voru samþykktar.

Ályktun	Fjöldi sem kaus	Já	Nei	Tek ekki afstöðu
Hækkun á atvinnuleysisbótum	64	49	9	6
Jafnréttismál	63	50	6	7
Kjara- og efnahagsmál	63	54	2	7
Samgöngur innanlands	64	53	6	5
Stytting vinnuvikunnar	65	59	2	4
Umhverfis- og loftslagsmál	63	50	5	8
Bættur hagur öryrkja	65	57	3	5
Fögnum breytingum	65	58	1	6
Uppsagnir á Landspítala	60	58	0	2

8. Önnur mál.

Gunnar Rúnar sagði að þetta væri sérstakur fundur á þessum Covid-tímum og fyrirkomulagið sérstakt, fjarfundur og nærfundur. Allt hefur gengið snuðrulaust, hann vildi þakka tæknimönnum fyrir það. Honum fannst þó vanta umræðu, lifandi umræðu félagsmanna. Saknar þess að hafa ekki tengsl við alla þátttakendur fundarins. Hann sagði að við tökum reynsluna af þessum fundi á næsta aðalfund í mars.

Pétur tók undir orð Gunnars, þetta er þó 12.000 manna félag og aðeins 90 manns sem taka hér ákvarðanir. Hann spurði hvort ekki hefði mátt hafa fundinn alveg opinn fyrir alla félagsmenn.

Þórarinn Eyfjörð kom með nýja ályktun um uppsagnir á Landspítalanum. Það þarf að vernda störf á þessum tímum, í morgun átti hann fund með hópi félagsmanna Sameykis á Landspítala sem var sagt upp síðastliðinn föstudag. Mestur þungi hefur verið á starfsfólki í framlínu heilbrigðisstéttar. Félagsmönnum Sameykis og Eflingar var sagt upp. Ályktunin er í endanlegri útgáfu.

Ályktun um uppsagnir á Landspítalanum

Á þessu ári hefur íslenskt samfélag staðið frammi fyrir áður óþekktum áskorunum. Kórónaveiran hefur sett samfélagið á annan endann með vondum afleiðingum fyrir einstaklinga og stóra hópa á vinnumarkaði. Í þessum faraldri hafa starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar staðið í framlínunni þar sem mestur þunginn hefur verið. Landspítalinn hefur staðið í brjóstvörn aðgerða og allir starfsmenn og starfseiningar sýnt ótrúlega fórnfýsi og fagmennsku.

Undir þessu kringumstæðum sér Landspítalinn sóma sinn í því að sækja að stjórnendateymi sínu í eldhúsi spítalans, í matargerð og í uppþvotti, þeim tveimur starfseiningum sem sjá um að framleiða heilbriggt og næringarríkt fæði, og sóttvörn mataráhalda allra þeirra þúsunda sem njóta þjónustu eldhússins.

Síðastliðinn föstudag þá var félagsmönnum Sameykis og Eflingar, sem hafa gengt starfi stjórnenda á þessu starfsvettvangi, sagt upp störfum. Þar á meðal eru starfsmenn með áratuga reynslu sem sýnt hafa spítalanum og íslensku samfélagi hollustu og fórnfýsi, þrátt fyrir erfiðar vinnuaðstæður og lág laun.

Aðalfundur Sameykis stéttarfélags fordæmir þessa aðför að því fólki sem haldið hefur heilbrigðiskerfi okkar gangandi, á tímum þar sem nauðsyn þess að byggja á fagmennsku hefur aldrei verið meiri. Íslensk stjórnvöld hafa þá siðferðilegu skyldu að sýna gott fordæmi og standa í vegi fyrir vanhugsuðum og óásættanlegum brottrekstri trúfastra starfsmanna.

Gunnar Rúnar sagði að nú væri komin krassandi ályktun um það sem er að gerast í dag. Hann þakkaði Þórarni fyrir að vekja máls á þessu og hvatti fundargesti til að kjósa ályktunina.

Garðar Svansson var sammála Þórarni og Gunnari en það þarf að vekja máls á fleiri uppsögnum hjá ríkinu, hann benti á að það er nýbúið að segja upp fangavörðum á Akureyri þar sem heilum vinnustað var lokað.

Ingibjörg var slegin yfir fréttum af uppsögninni á Landspítala. Er hægt að segja upp fólki undir þeim orðum að þetta séu skipulagsbreytingar og félagið bregst ekki við? Við þurfum að láta heyra í okkur. Eigum ekki að vera bara 50 manns á aðalfundi í svona stóru félagi.

Þórarinn sagði að ályktunin er birting þess að félagið hefur álit á málinu. Svo jú, félagið er að gera eitthvað. Hann er sammála að ályktunin megi vera með breiðari vísun í uppsagnir ríkisins, með leyfi fundarmanna mun hann orða hana þannig áður en hún verður birt.

Ályktun Þórarins um uppsagnir á Landspítala, 60 kusu, 58 sögðu já – 96,67% og tveir tóku ekki afstöðu.

Ari fundarstjóri sagði að dagskrá aðalfundarins væri lokið og gaf Árna Stefáni formanni orðið.

Árni Stefán þakkaði fundarstjórum, tæknifólki, riturum og starfsmönnum fundarins.

Hann var ánægður með þessa viðbót á aðalfundarsköpum, að hafa tök á að taka þátt hvar sem félagsmenn eru á landinu.

Fundi slitið 19:30

Reglur

Fræðslusjóðs Sameykis samkvæmt 20, gr. laga Sameykis:

1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Sameykis. Sjóðurinn er í eigu Sameykis stéttarfélags í almannabjónustu. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn er starfræktur á grunni kjarasamninga.

2. gr. Aðild að sjóðnum

Sjóðfélagar eru allir starfsmenn Reykjavíkurborgar og Félagsbústaða. Einnig getur stjórn sjóðsins ákvarðað að iðgjöld vegna annarra félagsmanna renni inn í Fræðslusjóð og öðlast þeir þá réttindi í sjóðnum í samræmi við það.*

3. gr. Markmið sjóðsins

Markmið sjóðsins er að auka hæfni sjóðsfélaga og möguleika þeirra til starfsþróunar í starfi eða eftir atvikum að styrkja þá til sí- og endurmenntunar. Þannig geti sjóðsfélagar bætt við og eða endurnýjað menntun sína og viðhaldið virði sínu á vinnumarkaði.

4. gr. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- b) Vaxtatekjur.

Tekjum sjóðsins skal einungis varið í samræmi við markmið hans, sbr. 3. gr.

5. gr. Greiðslur úr sjóðnum

Til að vinna að markmiðum sjóðsins skal sjóðsstjórn veita fjárstyrki til eftirfarandi verkefna, enda samrýmist þau markmiðum þeim sem tilgreind eru í 3. gr. og uppfylli reglur um úthlutun:

- Starfsmenntunarsjóð Sameykis vegna starfsmenntunar- og starfsþróunarstyrkja, til að tryggja jöfn réttindi félagsmanna.
- Vísinda- og starfsþróunarstyrkir til sjóðsfélaga sem eru í starfi sem krefst háskólamenntunar
- Styrkir til stofnana, sviða og vinnustaða þar sem sjóðsfélagar starfa, til námskeiðahalds og annars kostnaðar við menntun.
- Námskeiðahalds á vegum Sameykis eða í samstarfi við aðra.

6. gr. Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skipa fimm fulltrúar kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn ásamt einum fulltrúa tilnefndum úr stjórn Sameykis. Formaður skal kjörinn af sjóðsstjórn. Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðir yfir afgreiðslur úr sjóðnum svo og annað sem varðar störf hennar.

Stjórn sjóðsins ákveður úthlutunarreglur í samræmi við markmið sjóðsins sem skulu staðfestar af stjórn Sameykis. Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa úthlutunarnefndir vegna einstakra verkefna sjóðsins.

Stjórnarmönnum er ekki heimilt að sitja samfellt í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil (9 ár).

7. gr. Rekstur sjóðsins og ávöxtun

Skrifstofa Sameykis sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar hans. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt.

8. gr. Ársreikningur og endurskoðun

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum Sameykis og hann endurskoðaður með sama hætti og félagssjóður. Ársreikninginn skal leggja fram og afgreiða á aðalfundi með öðrum reikningum félagsins. Skýrsla yfir starfsemi sjóðsins skal fylgja skýrslu stjórnar Sameykis.

9. gr. Breytingar á reglum sjóðsins

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi Sameykis og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykktar á aðalfundi Sameykis 2020.

-----0-----

Bráðabirgðarákvæði:

Lagt er til að Stjórn Sameykis skipi starfsstjórn fram að aðalfundi Sameykis í mars 2021.

Tillaga til stjórnar Fræðslusjóðs:

*Félagar í Sameyki sem starfa hjá Faxaflóahöfnum, Strætó, Innheimtustofnunar sveitarfélaganna, Orkuveitu Reykjavíkur, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Akranesi, Seltjarnarnesi og fyrirtækja sem hafa staðið skil á iðgjaldi til sjóðsins.

**** Í 11. gr. – Fulltrúaráð skal kjósa uppstillingarnefnd sem skipuð er 7 aðalmönnum og tveimur til vara. Stjórn félagsins skal undirbúa tillögu um uppstillingarnefndina sem lögð er fyrir fulltrúaráð.**

Hlutverk uppstillingarnefndar er eftirfarandi:

Gera tillögu um formann og stjórn félagsins. Einnig skal hún gera tillögur um stjórn orlofssjóðs, stjórn starfsmenntunar-sjóðs, stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs, stjórn vinnudeilusjóðs, stjórn fræðslusjóðs, kjörstjórn, skoðunarmenn reikninga og endurskoðendur

Í **13. gr. 8. lið** laga bætist við fræðslusjóður og verður málsgrein því svona:
8. Kosið í stjórn: orlofssjóðs, vinnudeilusjóðs, starfsmenntunarsjóðs, fræðslusjóðs og styrktar- og sjúkrasjóðs skv. reglum þeirra.

Í **20. gr.** laga Sameykis bætist við fræðslusjóður og verður málsgreinin því svona:
„Auk félagssjóðs hefur Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu orlofssjóð, vinnudeilusjóð, styrktar- og sjúkrasjóð, sérstakan styrktarsjóð, vísindasjóð, fræðslusjóð og starfsmenntunarsjóð.“

Tillaga að breytingu á reglum Starfsmenntasjóðs Sameykis

2. gr. Aðild að sjóðnum.

Sjóðfélagar eru allir félagar í Sameyki, enda hefur verið staðið skil á iðgjaldi til sjóðsins.

(Hefur verið

2. gr. Aðild að sjóðnum.

Sjóðfélagar eru allir starfsmenn ríkisins sem eru félagar í Sameyki, svo og starfsmenn sjálfseignastofnana og fyrirtækja, sem eru sjóðsfélagar í Sameyki, enda hafi þau gerst formlegir aðilar að sjóðnum, og staðið skil á iðgjaldi.)

Drög að ályktunum fyrir aðalfund Sameykis 17. sept. 2020

Umhverfis og loftlagsmál

Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu lýsir yfir ánægju með að fyrir liggur metnaðarfull aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Sameyki leggur ríka áherslu á að núverandi og komandi ríkisstjórnir sjái til þess að öll þau markmið sem fram koma í aðgerðaráætluninni náist. Í ljósi þeirrar gríðarlega alvarlegu stöðu sem komin er upp í loftslagsmálum duga engin vettlingatök.

Nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi munu hafa áhrif á störf. Fundurinn gerir þá kröfu að verkalýðshreyfingin sé höfð með í ráðum við mótun aðgerða til að tryggja að þær komi ekki niður á líf skjörum launafólks.

Tökum framtíðinni fagnandi - Öllum breytingum fylgja tækifæri

Vinumarkaður framtíðarinnar stendur frammi fyrir miklum áskorunum vegna tæknibreytinga og breytinga á samsetningu þjóðarinnar. Þessar áskoranir fela í sér bæði

tækifæri og ógnanir. Störf eru að breytast, sum hverfa og ný koma í staðinn. Þannig eru hæfniskröfur morgundagsins aðrar en gærdagsins og við því þarf að bregðast með aukinni áherslu á fjölbreytta möguleika í endurmenntun og þjálfun starfsmanna.

Ljóst er að áhrifin á vinnumarkað opinberra starfsmanna verða mikil. Með hækkandi lífaldri þjóðarinnar verður fjölgun í hópi þeirra sem þurfa á þjónustu hins opinbera að halda. Fjöldi erlendra starfsmanna mun aukast og því er mikilvægt að hlúa að þeim hópi. Áherslan þarf að vera á að viðurkenna hæfni fólks og auðvelda því að byggja ofan á þá hæfni sem þegar er til staðar. Raunfærnimat mun skipa stóran sess í endurmenntun framtíðarvinnumarkaðarins.

Lykilatriðið til að takast á við þessar áskoranir er að til staðar sé samstarf starfsmanna, trúnaðarmanna og stjórnenda á vinnustöðum, allir verða að vera virkir í breytingaferlinu. Ljóst er að gera þarf átak í að efla stafræna hæfni og auðvelda þarf starfsfólki að bæta við starfshæfni sína. Vinnustaðir þurfa að skilgreina sig sem lærdómssamfélag. Við skorum á stjórnendur vinnustaða félagsmanna að setja þetta í forgang.

Aðalfundur Sameykis fagnar því að markvisst skref hefur verið tekið í því að koma á fót færnisþá fyrir íslenskan vinnumarkað með ráðningu sérfræðings hjá Hagstofu Íslands. Vonandi kemst skriður á þá vinnu þannig að fólk geti menntað sig til þeirra starfa sem raunveruleg þörf er fyrir.

Breytingar geta verið tækifæri og leggja þarf áherslu á að hugsa í lausnum með velferð félagsmanna að leiðarljósi.

Kjara- og efnahagsmál

Aðalfundur Sameykis tekur undir þau sjónarmið að skynsamlegasta leiðin sé að vaxa úr kreppunni. Fundurinn hafnar því frekari niðurskurði hjá hinu opinbera með fækkun starfa eða frestun umsamdra launhækkana, sem náðust í gegn eftir meira en árs samningapref.

Aðalfundur Sameykis fagnar vaxtalækkunum Seðlabankans og telur brýnt að haldið sé áfram á þeirri braut.

Hækkun á atvinnuleysisbótum

Aðalfundur Sameykis krefst þess að grunnatvinnuleysisbætur verði hækkaðar. Hærri atvinnuleysisbætur örva hagkerfið og koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi.

Hlutfall þeirra sem hafa verið atvinnulausir í 6 mánuði og lengur mun næstu vikur og mánuði hækka töluvert, því er mikilvægt að stjórnvöld beiti sér með markvissum hætti til þess að tryggja afkomu þessa fólks. Það má gera með sköpun nýrra starfa

Fundurinn telur lengingu á tekjutengdum atvinnuleysisbótum og hækkun grunn- atvinnuleysisbóta eitt stærsta hagsmunamál þessa hóps. Það velur sér enginn að missa vinnuna.

Sameyki hafnar því að hækkun atvinnuleysisbóta leiði til þess að fólk velji sér að lifa á bótum.

Styttum vinnuvikuna í 36 stundir

Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannáþjónustu brýnir fyrir vinnuveitendum að standa við markmið um styttingu vinnuvikunnar í 36 stundir og að vinnuvika vaktavinnufólks geti farið allt niður í 32 stundir án launaskerðingar eins og kjarasamningar gera ráð fyrir .

Rannsóknir sýna að styttri vinnuvika leiðir til aukinnar ánægju í starfi og aukinna afkasta. Stytting vinnuvikunnar leiðir einnig til bættrar heilsu og aukinnar vellíðunar fólks, minnkar líkur á kulnun í starfi og stuðlar að auknu jafnrétti kynjanna.

Jafnréttismál

Aðalfundur Sameykis hvetur stjórnvöld til þess að vera vakandi fyrir þeim kynjaáhrifum sem aðgerðir stjórnvalda í atvinnumálum geta haft í kjölfar Covid-19 faraldursins.

Fundurinn varar við því að brugðist sé við auknu atvinnuleysi með því að fjármagna einungis steypu og malbiksframkvæmdir. Tölurnar sýna okkur að atvinnuleysi kvenna er meira og eykst hraðar en atvinnuleysi karla. Því er brýnt að þær mótvægisáðgerðir sem stjórnvöld grípi til séu í samræmi við þarfir þeirra hópa sem mest þurfa á þeim að halda.

Á tímum sem þessum er mikilvægt að fjárfesta í félagslegum innviðum og nota almannafé til þess að styrkja velferðarkerfið. Heilbrigðis- og félagsþjónusta skapar fleiri störf en byggingaframkvæmdir og eru um leið mikill ávinningur fyrir samfélagið til lengri tíma.

Hagur öryrkja

Aðalfundur Sameykis fagnar samkomulagi heildarsamtaka launafólks og Öryrkjabandalags Íslands um að krefjast þess að hagur öryrkja verði bættur, öllum til hagsbóta.

Kröfurnar eru skýrar:

1. **Lágmarksframfærsla öryrkja verði hækkuð þannig að fólki sé gert kleift að lifa mannsæmandi lífi.**
2. **Skerðingar verði endurskoðaðar þannig að þær standi ekki í vegi fyrir þátttöku á vinnumarkaði, hvort sem er að hluta eða tímabundið og að dreigið verði úr tekjuskerðingum vegna lífeyristekna.**
3. **Störf með viðeigandi aðlögun og sveigjanlegum vinnutíma verði tryggð fyrir fólk með skerta starfsgetu.**

Samgöngur

Aðalfundur Sameykis stéttafélags í almannaþjónustu fagnar því að niðurgreiðslur á innanlandsflugi fyrir fólk af landsbyggðinni séu loksins í höfn. Ferðakostnaður heimilanna á landsbyggðinni vegna náms, læknis- og sérfræðiþjónustu getur verið afar íþyngjandi og þetta er stórt skref í átt til jöfnuðar. Þær niðurgreiðslur sem Loftbrú veitir, eru mikilvægur stuðningur við eflingu og uppbyggingu landsbyggðarinnar.